

Haust- og vetrarlög

1. Frost er úti

Frost er úti fuglinn minn.
Ég finn hvað þér er kalt.
Nærðu engu í nefið þitt.
Því nú er frosið allt.
En ef þú bíður augnablik.
Ég ætla að flýta mér.
Að biðja hana mömmu mína
um mylsnu handa þér.

2. Krummi svaf í klettagjá

Íslenskt þjóðlag. Ljóð: Jón Thoroddsen
Krummi svaf í klettagjá
kaldri vetrarnóttu á,
:/: Verður margt að meini, :/:
fyrir en dagur fagur rann
freðið nefið dregur hann
:/: Undan stórum steini :/:

Allt er frosið úti gor
ekkert fæst við ströndu mor
:/: svengd er metti mína, :/:
ef að húsum heim ég fer
heimafrakkur bannar mér
:/: seppi úr sorpi að tína. :/:

Á sér krummi ýfði stél,
einnig brýndi gogginn vel
:/: flaug úr fjallagjótum, :/:
lítur yfir byggð og bú,
á bæjum fyrir en vakna hjú,
:/: veifar vængjum skjótum. :/:

Sálaður á síðu lá
sauður feitur garði hjá
:/: fyrrum frá á velli, :/:
krunk, krunk, nafnar, komið hér
krunk, krunk því oss búin er
:/: krás á köldu svelli. :/:

3. Nú er úti norðanvindur

Höf. ókunnur
Nú er úti norðanvindur,
nú er hvítur Esjutindur.
Ef ég ætti úti kindur
þá mundi ég láta þær allar inn,
elsku besti vinur minn.
 Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassa-sa.
 Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassa-sa.

Upp er runninn öskudagur,
ákaflega skír og fagur.
Einn með poka ekki ragur
úti vappar heims um ból.
Góðan daginn, gleðileg jól
 Úmbarassa ...

Elsku besti stálagrér,
heyrirðu hvað ég segi þér:
"Þú hefur étið úldið smér,
og dálítið af snæri,
elsku vinurinn kæri".
Úmbarassa ...

Þarna sé ég fé á beit,
ei er því að leynd.
Nú er ég kominn upp í sveit
á rútunni hans Steina.
Skilurðu hvað ég meina?
Úmbarassa ...

Höfði stingur undir væng,
hleypur nú á snærið.
Hún Gunna liggur undir sæng,
öll nema annað lærið.
Nú er tækifærið.
Úmbarassa ...

4. Snjókorn falla nú til jarðar.

ókunnur
Snjókorn falla nú til jarðar eitt og eitt,
snjókorn falla nú til jarðar eitt og eitt.
Nú er skemmtilegt að líta
okkar landið kalda og hvíta,
snjókorn falla nú til jarðar eitt og eitt.

Syngjum hæ, hæ, hopp og hí og hæ,
svo það hjómi í þorpi borg og bæ
Inni í dölum, upp á fjöllum,
óma loft af hlátrasköllum.
Syngjum hæ, hæ, hopp og hí hæ.

5. Þegar hnígur hóm að Þorra

Björn M. Olsen / Hannes Hafstein
Þegar hnígur hóm að Þorra,
oft ég hygg til feðra vorra,
:, og þá fyrst og fremst til Snorra.
sem framdi Háttatal.:::

Áður sat hann skýr at Skúla,
og þar skálda lét sinn túla,
:, bæði' um hann og Hákon fúla,
sem hirti frelsi vort.:::

Fögur knáttu gullker geiga,
sem að gaman væri' að eiga,
:, full af safu sætra veiga,
er sveif á alla drótt.:::

Snorri kallinn kunni' að svalla,
og að kætta rekka snjalla,
:, þegar húmi tók að halla
í höllu Skúla jarls.:::

Og hann þoldi þreyta bögur,
og að þylja fornar sögur,
:, já, allt fram til klukkan fjögur
þá fór hann í sitt ból.:::